



Kennsluáætlun í STÆ 413 á vorönn 2012

Kennslubók: Tölfræði eftir Jón Þorvarðarson. 5. útgáfa Mál og menning 1995.
Aukaefni sem verður dreift í fjölríti.

Helstu námsþættir: Líkindadreifing, úrtaksfræði, öryggismörk, tilgátuprófun, fylgni og aðhvarfsgreining.

Verkefni: Skilaverkefni verða vikulega (**á fimmtudögum**). Verkefnum ber að skila í **byrjun** kennslustundarinnar. Þau verða birt inn á **Námsnetinu**. Nemandi ber sjálfur ábyrgð á að útvega sér verkefnin. Einnig verða tvö tölvupróf og 1 stórt tölvuverkefni sem nemendur vinna í pörum. Hlutapróf verða **þrjú** (sjá tímasetningu þeirra hér að neðan). Nemandi ber að skila öllum verkefnum á **réttum tíma** og mæta í öll próf. Ef nemandi skilar ekki verkefni þá fær hann núll (0) í einkunn. Sama gildir um próf nema til komi **lögleg** forföll (*Lögleg forföll eru forföll sem eru staðfest í Innu*). **Engin sjúkrapróf verða á önninni.** (sjá þó "Sleppikerfi")

Sleppikerfi: Þeir nemendur sem standa sig vel á önninni hafa möguleika á að sleppa lokaprófinu. Til þess að hafa þann möguleika þá þarf nemandinn að uppfylla eftirfarandi skilyrði.

1. Nemandi verður að taka **öllum** hlutapróf og skila **öllum** verkefnum námskeiðisins.
2. Meðaleinkunn út úr hlutaprófunum **þremur** er að minnsta kosti **7**.
3. Annareinkunn nemandans er að minnsta kosti **7**. Annareinkunn reiknast á eftirfarandi hátt: Hlutapróf gilda **60%**, skilaverkefni **15%** og tölvuverkefni **25%**. (Öll skila- og tölvuverkefni reiknast inn í einkunn).
4. Nemandi sem kemst ekki í hlutapróf vegna **löglegra forfalla** (sem eru staðfest í Innu) fær að taka sjúkrapróf í lok annar (*hámark 1 próf*). Ef einhver á rétt á tölvusjúkraprófi þá verður það einnig í lok annar. Þetta gildir einungis um nemendur sem eiga möguleika á að sleppa lokaprófinu.

Námsmat þeirra nemandna sem **taka lokapróf** er eftirfarandi:
Próf í lok annar gildir **60%**. Skilaverkefni **10%** (það lakasta dettur út), tölvuverkefni **15%** (**öllum**) og hlutapróf **15%** (2 bestu). Þessir nemendur þurfa að standast lokapróf áður en mat á hlutaprófum og verkefnum reiknast inn í einkunn.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Viðfangsefni	Verkefni og próf
1. 6.jan	Bls. 71 - 76 Tvíliðuformúlan	æfing 6.2
2. 9.jan – 13.jan	Bls. 71 -76 Tvíliðuformúlan & Normaldreifing	æfing 6.2 og 6.4
3. 16.jan – 20.jan	Bls. 11 - 26 Úrtaksfræði	æfing 7.3 og 8.1
4. 23.jan – 27.jan	Bls. 173-202 Öryggismörk	æfing 8.2 og 8.3
5. 30.jan – 3.feb	-	1.hlutapr. fim. 02.02
6. 6.feb – 10.feb	-	æfing 8.4 og 8.5
7. 13.feb – 17.feb	-	æfing 8.6
8. 20.feb – 24.feb	Bls. 203-219 Tilgátuprófun	æfing 9.1
9. 27.feb – 2.mars	-	æfing 9.2
10. 5.mars – 6.mars	-	2.hlutapr. mán. 05.03
Vakningardagar 7- 8.mars 9.mars vorfrí		
11. 12.mars – 16.mar	Bls. 203-219 Tilgátuprófun (framh.)	
12. 19.mars – 23.mar	Aðhvarfsgreining og t-dreifing (fjölrit)	dæmablöð
13. 26.mars – 30.mar	Aðhvarfsgreining og t-dreifing (fjölrit)	
Páskáfrí 2 – 10.apríl		
14. 11.apríl – 13.apríl	Aðhvarfsgreining og t-dreifing (fjölrit)	
15. 16.apríl – 20.apríl	Upprifjun og sjúkrapróf	3.hlutapr. mán.19.03
16. 23.apríl – 27.apríl	Upprifjun	